

## FUNDARGERÐ HÉRAÐSFUNDAR AUSTURLANDSPRÓFASTSDÆMIS 2018

1. Fundur settur að lokinni helgistund í umsjón sr. Sigríðar Rúnar Tryggvadóttur sem hófst kl. 11.
2. Málsverður
3. Gengið til dagskrár. Fundarstjóri kjörinn Einar Már Sigurðssonar sem og fundarritar, Ólafur Eggertsson og Ægir Örn Sveinsson.
4. Skýrsla prófasts:
  - Sr. Davíð Baldursson prófastur fagnaði því að 40 ár eru síðan hann tók við embætti sóknarprests og talaði um hvaða framfarir hafa átt sér stað í starfinu á þessum tíma. Ræddi hann um neikvæðni í garð kirkjunnar og hvernig rétt sé að bregðast við henni. Fagleg umræða og jákvæð sýn er mikilvæg.
  - Sr. Davíð greindi frá breytingum í prestastétt innan prófastsdæmisins og óskaði öllum þeim velfarnaðar. Óskaði hann sr. Þuríði til hamingju með kjör hennar til embættis sóknarprests í Hofsprestakali og bauð hana velkomna. Þá sagði hann frá barnsburðarleyfi Sr. Erlu Bjarkar héraðsprests en Ægir Örn Sveinsson gegnir starfi hennar í afleysingum til septemberloka.
  - Í erindi sínu sagði prófastur frá vísitasíu biskups í prófastsdæmið sem gekk afar vel. Þá þakkaði hann m.a. komu Hólabiskups og eiginmanns hennar. Jafnframt þakkaði sr. Davíð sr. Sjöfn fyrir störf hennar á kirkjuþingi en hún mun ekki gefa kost á sér þar næsta kjörtímabil.
5. Reikningar héraðssjóðs og fjárhagsáætlun ásamt umræðum:
  - Sr. Þorgeir Arason spurði um kostnað vegna heimasíðu, austurkirkjan.is og Sr. Davíð og Ægir Örn gáfu skýringar og sögðu frá þróunarvinnu sem er í gangi.
  - Þórhallur Pálsson greindi frá styrk sem fékkst frá Húsfriðunarsjóði og nemur tveimur milljónum. Honum verður ráðstafað til lagfæringa á undirstöðum og gólfi Klyppstaðarkirkju. Voru honum færðar þakkir fundarins fyrir vinnu hans að þeim málum.

## 6. Kosningar

- Sjá tillögur héraðsnefndar varðandi kjör í fundargögnum sem fundurinn samþykkti allar samhljóða með eftirfarandi viðbótum:
  - i. Varamenn á leikmannastefnu voru kosnir Magni Þór Harðarson, Gísli Þ. Pétursson og Ingibjörg Björgvinsdóttir.
  - ii. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Guðlaug Ólafsdóttir og Kristjana Björnsdóttir.

7. Starf héraðsprests. Sr. Erla Björk flutti skýrsluna sem sjá má í fundargögnum.

8. KMA. Erla Björk flutti enn fremur ársskýrslu KMA (sjá fundargögn), og fór yfir ársreikninga sem samþykktir voru samhljóða.

9. Starfsskýrsla ÆSKA. Sr. Þorgeir Arason flutti skýrsluna í forföllum formanns stjórnar.

- Sr. Davíð Þakkaði sr. Erlu, sr. Sigríði Rún og sr. Þorgeiri fyrir störfin fyrir ÆSKA þar sem þau hafa öll lagt hart að sér og unnið gott starf.

## 10. Skýrslur fulltrúa

- Sr. Gunnlaugur sagði frá hjálparstarfi kirkjunnar. Gott starf en nýtur lítillar kynningar. Nefndi hann starf sem fer fram meðal einstæðra mæðra.
- Sr. Sjöfn flutti okkur kveðju Ólafs Valgeirssonar kirkjuþingsfulltrúa sem staddur er erlendis. Sagði hún frá ýmsu af kirkjuþingi. Það var haldið í nóvember og framhaldið í mars en kosið verður til nýs kirkjuþings sem kemur saman næsta haust. Ágreiningur var á þinginu um nýtt þjóðkirkjulagafrumvarp og niðurstaðan varð sú að fresta málinu. Skýrði sr. Sjöfn hvers vegna sú varð niðurstaðan. Jafnframt sagði sr. Sjöfn frá samningaviðræðum ríkisvaldsins og kirkjunnar um fjármál. Þá ræddi hún frá mikilvægi skírnarinnar og að því sé haldið á lofti innan kirkjunnar. Nú er komið að lokum veru sr. Sjafnar á kirkjuþinginu og þakkaði hún stuðning við sig.
- Þórhallur Pálsson kvaddi sér hljóðs og ræddi sameiningu prestakalla á Héraði sem hann kvað hafa tekist vel og á hinn bóginn sameiningu sókna þar sem hann bað fólk að gæta sín. Stórar einingar vilja missa persónulega nánd og aðstoð. Ægir Örn tók til máls um frumvarp til þjóðkirkjulaga sem var á dagskrá kirkjuþingsins.
- Kirkjuþing unga fólksins. Skýrsla barst ekki og fulltrúar mættu ekki til héraðsfundar.

11. Frambjóðendur til kirkjuþings kynntu sig í nokkrum orðum.

- A. Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir
- B. Sr. Þuríður Björg W. Árnadóttir
- C. Einar Már Sigurðsson
- Gísli Auðbergsson og Ólafur Valgeirsson hafa einnig boðið sig fram en voru fjarverandi.

12. Skýrslur sóknarnefnda sem liggja frammi.

- Kristjana Björnsdóttir sagði frá orgelkaupum Bakkagerðiskirkju, helgihaldi og fjárhagi hennar þar sem hún ræddi erfiðan rekstur lítilla sókna. Kom hún auk þess víða við á sinn skelegga máta.
- Sr. Gunnlaugur upplýsti um réttarstöðu þegar kirkja er grafarkirkja eða ekki. Þá skýrði hann hvernig jöfnunarsjóður sókna starfar og hvernig ákvarðanir eru teknar í kirkjuráði um úthlutanir.
- Þórhallur sagði frá hljóðfæra kaupum Eiðakirkju með tilvísan í frásögn Kristjönu.
- Jónas Þór, formaður Egilsstaðasóknar sagði frá starfi og framkvæmdum við safnaðarheimili Egilsstaðasóknar og ásamt nauðsynlegum endurbótum sem þarf að gera á Egilsstaðakirkju vegna þess hversu bággt ástandið er á byggingunni.
- Stefanía Malín sagði frá 90 ára afmæli Sleðbrjótssóknar síðastliðið ár og forsögu þess að kirkjan var byggð af nokkrum frumkvöðlum í sveitinni.
- Hildigunnur frá Hjaltastaðasókn spurði um varðveislu skjala sem tilheyra kirkjunni. Enn fremur um almennar umgengnisreglur í kirkjugörðum. Fram kom ósk til héraðsnefndar að vinna og greina leiðbeinandi reglur um fyrrnefnd atriði.
- Sr. Sigurður ræddi organistamál á Norðfirði og viðhaldspörf kirkjunnar.

### 13. Önnur mál

- Vígslubiskup, sr. Solveig Lára lýsti ánægju sinni með að vera á góðum héraðsfundi. Þakkaði hún prófasti okkar, sr. Davíð Baldurssyni fyrir skýrslu hans og allan hans eldmóð og starfsorku sem sé ótrúlega mikil eftir 40 ár í sama starfi. Gladdist hún yfir skýrslum og erindum. Solveig Lára tók undir orði Hildigunnar og ræddi sérstaklega grafarró í kirkjugarði. Þakkaði hún móttökur og góðar stundir hér á Austurlandi.
- Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir bað sr. Solveigu Láru að flytja fundinum kveðju sína og greinargerð um sameiningu prestakalla hér. Lagt fram hér til kynningar og athugasemdir vel þegnar sem og ábendingar. Hún lagði áherslu á mismun á sameiningu sókna sem sé ávallt að frumkvæði sóknanna sjálfra og sameiningu prestakalla sem kemur að frumkvæði yfirstjórnar kirkjunnar.
- Sr. Ólöf benti á þörf fyrir fræðslu og almennar upplýsingar um þau störf sem fylgja veru í sóknarnefnd og fleiri ábyrgðarstörfum á þeim vettvangi. Óskaði hún eftir því að prófatsdæmið stæði fyrir námskeiði fyrir sóknarnefndafólk um störf sóknarnefnda, reglur um kjörnefndir o.fl.
- Eiríkur Ólafsson ræddi veikleika og styrkleika, traust til stofnunarinnar og að lokum – eftir höfðinu dansa limirnir -.
- Sr. Þorgeir tók undir með vígslubiskupi að sameining prestakalla á Héraði, Borgarfirði og Seyðisfirði hafi tekist vel.
- Sr. Jóna Kristín þakkaði góðan fund og undirstrikaði mikilvægi góðrar samveru og samvinnu.
- Jónas Þór bar fram áhyggjur sínar af versnandi fjárhagi.
- Sr. Solveig Lára svaraði sr. Ólöfu með því að segja það auðsótt að óska eftir námskeiðum frá Biskupsstofu.

### 14. Fundarslit

- Fundarstjóri þakkaði góðan fund og ánægjulegan.
- Prófastur þakkaði sömuleiðis mjög góðan fund og öllum viðstöddum fyrir komuna. Hann nefndi að nú styttist mjög í starfslok hans og sagðist reyndar vera kominn á síðasta sölundag en þó fullur af orku og bjartsýni.
- Fundi slitið kl. 16:15

### 15. Kaffi

**Fundarmenn skv. viðveruskrá voru 32:**

Ægir Örn Sveinsson	Í starfi afleysingahéraðsprests
Jónína Zophoníasdóttir	Þingmúlasókn
Þorgerður Jónsdóttir	Seyðisfjarðarsókn
Sigríður Rún Tryggvadóttir	Seyðisfjarðarsókn
Jóhann Sæberg Helgason	Reyðarfjarðarsókn
Guðlaug Ólafsdóttir	Egilsstaðasókn
Þuríður Björg Árnadóttir	Hofsprestakall
Solveig Lára Guðmundsdóttir	Hólum
Gylfi Jónsson	Hólum
Georg Fr. Kemp Halldórsson	Eskifjarðarsókn
Ólafur Eggertsson	Berunessókn
Jónas Þór Jóhannsson	Egilsstaðasókn
Friðrik Ingi Ingólfsson	Valþjófsstaðarsókn
Þórhallur Pálsson	Eiðasokn
Ólöf Margrét Snorradóttir	Egilsstaðaprestakall
Margrét Björk Sigjurjónsdóttir	Ássókn, Fellum
Sigurður Rúnar Ragnarsson	Norðfjarðarprestakall
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir	Kolfreyjustaðarprestakall
Eiríkur Ólafsson	Kolfreyjustaðarprestakall
Sjöfn Jóhannsdóttir	Djúpavogssókn
Sigríður K. Júlíusdóttir	Stöðvarfjarðarsókn
Kristjana Björnsdóttir	Bakkagerðissókn
Hildigunnur Sigurjónsdóttir	Hjaltastaðasókn
Unnur Björgvinsdóttir	Heydalasókn
Ingibjörg Björgvinsdóttir	Stöðvarfjarðarsókn
Guðmundur Ólason	Hofteigssókn
Stefanía Malín Stefánsdóttir	Sleðbrjótssókn
Þorgeir Arason	Egilsstaðaprestakall
Gunnlaugur Stefánsson	Heydalaprestakall
Guðjón B. Magnússon	Norðfjarðarprestakall
Erla Björk Jónsdóttir	Héraðsprestur
Davíð Baldursson	Prófastur